

Heilbrigðis- og trygginganefnd
Össur Skarphéðinsson, formaður
Alþingi

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/2062
komudagur 9.5.197

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. maí 1997

Varðar frumvarp til laga um réttindi sjúklunga.

Vegna umræðna um umsögn Geðhjálpar um frumvarp til laga um réttindi sjúklunga og vegna frumvarps til lögræðisлага, vill félagið áréttá og útfæra nánar tillögur um bættar réttarstöðu geðsjúkra við nauðungarinnlagnir og þvingunarmeðferð.

Geðsjúkir er sá sjúklingahópur sem oftast verður fyrir skerðingu á réttindum. Það gerist við nauðungarinnlagnir og þvingunarmeðferð með vísan til lögræðisлага. Af þessum sökum er mikilvægt að tryggja þeim tiltekin réttindi í lögum um réttindi sjúklunga í samræmi við markmið laganna í 1. grein.

Geðhjálpar hefur gert þá athugasemd við frumvarp til lögræðisлага að sú málskotsleið sem þar er gert ráð fyrir er ófullnægjandi. Samkvæmt frumvarpinu er sjúklingum heimilt að skjóta máli sínu til dómstóla. Með því eru þeir í raun að fara í mál við aðstandendur sína en það eru oftast þeir sem biðja um innlögnina.

Geðhjálpar leggur til að sjúklingur geti skotið máli sínu til sérstakra eftirlitsnefnda sem tengdust hverri geðdeild en væru sjálfstæðar og óháðar sjúkrahúsunum s.b. meðfylgjandi umsögn um frumvarp til lögræðisлага.

Góð reynsla er af þessu fyrirkomulagi í Noregi og hefur verið bundið í lögum um nokkurra áratuga skeið. Aftur á móti er slæm reynsla af dómstólaleiðinni á öðrum norðurlöndum samkvæmt upplýsingum frá samtökum geðsjúkra þar.

Eftirlitsnefndin myndi bæta réttarstöðu geðsjúkra; “ tryggja þeim tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðisþjónustunni og styðja trúnaðarsambandið sem ríkja ber milli sjúklunga og heilbrigðisstarfsmanna” eins og segir í 1. grein frumvarpsins um markmið laganna.

Geðhjálpar óskar því eftir að ákvæði um eftirlitsnefnd með nauðungarinnlögnum og þvingunarmeðferð verði sett í lög um réttindi sjúklunga.

Virðingarfyllt,



Pétur Hauksson
formaður Geðhjálpar

Fylgir: Umsögn um frumvarp til lögræðisлага



GEÐHJÁLP

Alsherjarnefnd Alþingis
Sólveig Pétursdóttir, formaður

Reykjavík, 2. maí 1997

Umsögn Geðhjálp um frumvarp til lögræðisлага.

Félaginu er kunnugt um að frumvarp til lögræðisлага er til umræðu hjá alsherjarnefnd og hefur óskað eftir því að vera umsagnaraðili að frumvarpinu. Þótt Geðhjálp hafi ekki borist svar við því vill félagið leyfa sér að koma eftirfarandi umsögn á framfæri:

Geðhjálp fagnar því að í frumvarpinu eru ákvæði um skjalafrágang sem eru ítarlegri en í núgildandi lögræðislögum:

- Ákvæði um "Form og efni kröfu um lögræðissviptingu" í 8. gr. er til bóta.
- Ákvæði um "Form, efni og fylgigögn með beiðni um nauðungarvistun" í 21. gr. er til bóta.
- Ákvæði um læknisvottorð í 3. mgr., 21. gr. er einnig til bóta.

Enn fremur eru nýmæli í frumvarpinu sem gætu verið til bóta:

Svo virðist sem að möguleiki á takmarkaðri lögræðissviptingu í 5. gr. og lögræðissviptingu til bráðabirgða í 6. gr. sé til bóta, bæði fyrir nauðungarvastaðan sjúkling og aðstandendur hans, sem þurfa að fara fram á sviptinguna.

Þrátt fyrir ofangreind atriði hefði verið æskilegt að í frumvarpinu væri ákvæði um nokkur atriði sem myndu bæta réttarstöðu geðsjúkra:

1. Geðhjálp leggur megináherslu á nauðsyn þess að hafa reglubundið eftirlit með nauðungarvistunum og þvingunarmedferðum á geðdeildum. Þriggja til fjögurra manna eftirlitsnefnd, óháð sjúkrahúsinu, leidd af dómara eða öðrum löglærðum manni, gæti komið reglulega á geðdeildir og hitt alla nauðungarvastaða sjúklinga, sem þess óska, stuttu eftir innlögn. Í Noregi er góð reynsla af þessu fyrirkomulagi (Lov om psykisk helsevern av 28. april 1961 með breytingum). Í 30. og 31. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að nauðungarvastaðir sjúklingar og þeir sem fá þvingaða meðferð sé heimilt að bera ákvörðunina undir dómstóla. Í 5. mgr. 31. gr. segir "Svo fljótt sem við verður komið kveður dómari upp úrskurð um hvort ákvörðun um nauðungarvistun eða þvingaða lyfjagjöf skuli standa eða hún felld úr gildi." Þessi málskotsleið er of þung í vöfum að mati Geðhjálp og of fjarlægur möguleiki, bæði í tíma og rúmi, fyrir alvarlega veikan sjúkling til að vera raunhæf og nothæf málskotsleið.
2. Í lögræðislögum þyrfti að vera ákvæði um gerð reglugerðar um skráningu og eftirlit með þvingunarmedferð. Til greina kæmi sérstök kærnefnd til að meðhöndla kvartanir um þvingunarmedferð, svipað fyrirkomulag og er í Danmörku (Lov 1989-05-24 nr 331 om frihedsberøvelse og anden tvang i psykiatrien.) Einnig kæmi til greina að ofngreind eftirlitsnefnd hafi þetta verkefni með höndum. Eftirlit og málskotsmöguleikar með þessum hæti myndu tryggja betur réttarstöðu sjúklings en 30. og 31. grein frumvarpsins.



3. Nauðsynlegt er að bæta möguleika aðstandenda til að vísa lögræðismáli til opinberra aðila. Reynslan hefur sýnt að nánustu aðstandendur veigra sér oft við að biðja um nauðungarinnlögn eða lögræðissviptingu, enda getur það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir tengsl þeirra við "varnaraðila" í framtíðinni. Því hefur þurft að áréttu frekar í frumvarpinu um skyldur Félagsmálastofnunnar samkvæmt d. lið 2. málsgreinar 7. greinar.
 4. Æskilegt er að gera nákvæmari greinarmun á takmarkaðri lögræðissviptingu samkvæmt 5. grein og lögræðissviptingu til bráðabirgða samkvæmt 6. grein þannig að ljóst verði við hvaða aðstæður eigi að beita hvorri grein. Orðalagið í frumvarpinu gefur möguleika á ýmsum mismunandi túlkunum hvað það varðar.
 5. Eðlilegt er að gera þá lágmarkskröfu til læknavottorðs vegna nauðungarvistunar samkvæmt 3. mgr. 21. gr. að í öllum tilfellum skuli vera sjúkdómsgreining samkvæmd d. lið en ekki einungis "ef unnt er" eins og stendur í frumvarpinu.
 6. Geðhjálp leggur til að sjálfræðisaldur verði hækkaður í 18. ár. Mikilvægt er frá geðheilbrigðissjónarmiði að foreldrar hafi ákveðið vald yfir börnum sínum og hafi í raun forsjá barna sinna til 18 ára aldurs, enda hafi þeir skyldum að gegna gagnvart börnunum til þess aldurs samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna. Á þetta við jafnt um heilbrigð ungmenni og þau sem eiga við geðræn vandamál að stríða eða hafa leiðst út í neyslu áfengis eða annara fíkniefna.
- Geðhjálp vonar að alsherjarnefnd sjái sér fært að taka tillit til þessara ábendinga og erum við tilbúin til þess að koma fyrir nefndina og skýra sjónarmið okka nánar.

Virðingarfyllst,

Pétur Hauksson
formaður Geðhjalpar

Ingólfur H. Ingólfsson
framkvæðastjóri Geðhjalpar